



ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Ragnheiður Elín Árnadóttir
Iðnaðar- og viðskiptaráðherra

- Talað orð gildir -

Opnun Haustfundar Landsvirkjunar **13. nóvember 2013**

Ágætu fundarmenn.

Það er mér mikil ánægja að ávarpa ykkur hér í dag á Haustfundi Landsvirkjunar.

Yfirskrift fundarins að þessu sinni er “Hver er framtíð íslenskrar orku?” Sannarlega grundvallarspurning, sannarlega mikilvægt viðfangsefni.

Skynsamleg nýting orkuauðlinda hvort sem er í jarðvarma eða vatnsafli býður okkur sem þjóð upp á gríðarlega möguleika og þar gegnir Landsvirkjun lykilhlutverki í íslensku samfélagi. Fyrirtækinu var falið við stofnun þess árið 1965 að framfylgja þeirri stefnu eigenda sinna að nýta orkuauðlindir landsins til atvinnuuppbyggingar og aukins hagvaxtar.

Eins og segir á heimasíðu Landsvirkjunar:

„Landsvirkjun hefur síðan 1965 lagt áherslu á uppbyggingu langtímaviðskiptasambanda og boðið viðskiptavinum sínum verðmætaskapandi orkulausnir með það að markmiði að tryggja samkeppnishæfni þeirra og auðvelda stækkun fyrirtækja á gagnkvæmt verðmætaskapandi forsendum.“

Landsvirkjun var stofnuð til að byggja og reka raforkuver til að framleiða raforku til orkufreks iðnaðar og fyrir almennan markaði á hagkvæmu verði.

Frá stofnun hefur þessu hlutverki verið vel sinnt og við sjáum afrakstur þess í frábærum orkuvirkjum sem byggð hafa verið upp víða um land, í öflugum iðnfyrirtækjum sem skapa þúsundir starfa beint og óbeint og afla okkur mikilvægra útflutningstekna. Þá má ekki gleyma því að þessi uppbygging fyrirtækisins hefur lagt grunninn að hagkvæmu raforkuverði fyrir almenning og atvinnulíf. Þetta lykilhlutverk fyrirtækisins er síst mikilvægara nú en áður.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að efla fjárfestingu, auka hagvöxt, fjölga störfum og bæta lífskjör. Stefna ríkisstjórnarinnar fer því afar vel saman við markmið Landsvirkjunar. Fyrirtækið gegnir enn sem fyrr lykilhlutverki við að koma álitlegum fjárfestingaverkefnum til framkvæmda.

Á fundum Samráðsvettvangs um aukna hagsæld á Íslandi fyrr í þessum mánuði, þar sem Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar gegnir formennsku og í eiga sæti fulltrúar stjórnmalaflokkanna, atvinnulífsins, launþegasamtakanna, fræðasamfélagsins og stjórnsýslunnar hefur ítrekað verið fjallað um fjárfestingar á Íslandi eftir hrun sem hlutfall af VLF í samanburði við önnur ríki sem orðið hafa fyrir efnahagsáföllum. Tölurnar sem þar hafa verið settar fram og byggja m.a. á upplýsingum úr skýrslu alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey um Ísland og vaxtarmöguleika í framtíðinni, sýna að við eigum mun lengra í land en aðrar þjóðir sem lent hafa í fjármálakreppu þegar fimm ár eru liðin frá hruni, hvað fjárfestingar varðar. Fjárfesting hér er 30% undir meðaltali hjá samanburðarlöndum. Sú staða er algerlega óviðunandi. Það jákvæða er hinsvegar að við finnum glöggt að ekki skortir áhuga fjárfesta að horfa til Íslands – einkum þegar kemur að orkufrekri starfssemi.

Við þurfum stöðugt að vera á varðbergi og huga að samkeppnishæfni Íslands. Stjórnvöld þurfa til dæmis að huga að regluverki og jákvæðum hvötum til að liðka fyrir nýfjárfestingu og að því er unnið með ýmsum hætti innan stjórnsýslunnar.

Frá því ég tók við embætti ráðherra í maí síðastliðnum hef ég átt fundi með fjölda fulltrúa erlendra fyrirtækja sem hafa áhuga á að fjárfesta á Íslandi. Þessi verkefni eru fjölbreytt, sum krefjast lítillar orku en önnur eru orkufrek. Það þarf ekki að koma á óvart því sú staðreynd, ein og sér, að nær öll raforka sem framleidd er á Íslandi er umhverfisvæn og endurnýjanleg veitir okkur Íslendingum umtalsverða sérstöðu í þeirri alþjóðlegu samkeppni sem ríkir um jákvæða erlenda nýfjárfestingu. Á þeirri sérstöðu þurfum við að byggja með enn ríkari hætti en gert hefur verið á undanförunum árum.

Nefnd um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, sem starfar á ábyrgð iðnaðar- og viðskiptaráðherra, vinnur nú þegar með nokkrum fyrirtækjum að gerð fjárfestingasamninga. Þessir samningar tryggja þeim sem fjárfesta yfir ákveðna fjárhæð tiltekið skattalegt umhverfi í 10-13 ár og liðka með þeim hætti fyrir nýjum fjárfestingarverkefnum. Ég get greint frá því að fyrr í vikunni afgreiddi nefndin umsókn fyrirtækis á sviði líftækniiðnaðar og lagði til við mig að gerður yrði fjárfestingarsamningur við umrætt fyrirtæki. Ég vona svo sannarlega að þetta nýfjárfestingarverkefni verði að veruleika sem allra fyrst.

Nefndin á einnig í reglulegum samskiptum við fyrirtæki sem spyrjast fyrir um eða eru að skoða möguleika til fjárfestinga hér á landi. Áhuginn er því klárlega til staðar og við þurfum að vera tilbúin að grípa þá bolta sem kastað er til okkar og leggja yfirvegað mat á hvert verkefni fyrir sig.

Ég veit að mörg þessara fjárfestingaverkefna rata inn á borð Landsvirkjunar og sum eru þar til umfjöllunar. Í ljósi þess sem hér var sagt um brýna nauðsyn aukinnar fjárfestingar verð ég að viðurkenna að ég er orðin óþreyjufull og vil fara að sjá árangur og að verkefnin verði að veruleika. Tækifærin eru svo sannarlega til staðar en við þurfum að ganga skipulega til verks með samstilltum hætti til að koma hlutunum í framkvæmd. Ef okkur tekst ekki að koma fjárfestingum í gang munu lífkjör okkar halda áfram að rýrna og okkur mun ekki takast að skapa störf fyrir allt það unga fólk sem við þurfum svo sannarlega á að halda í okkar samfélagi.

Ég get nefnt álverið í Helguvík – framkvæmd sem mun ekki bara skipta Suðurnesjamenn heldur landsmenn alla gríðarlegu máli og hefur beðið allt of lengi. Eftir samtöl við flesta sem að því verkefni koma finn ég skýran vilja um að halda því áfram og ljúka. Þann vilja finn ég ekki síst hjá forsvarsmönnum Norðuráls sem hafa ítrekað sagt við mig og opinberlega að þeir ætli sér að ljúka verkefninu og að þeir hafi fjárhagslega getu til þess. Ég tel að aðkoma Landsvirkjunar að því máli gæti haft mikilvæga þýðingu, jafnvel úrslitaáhrif.

Á svæðinu við Helguvík er einstök aðstaða til uppbyggingar iðnaðar og þjónustustarfsemi. Það er búið að stórbæta hafnaraðstöðuna, vinna skipulag fyrir svæðið og undirbúa vegi og lóðir. Ýmis álitleg verkefni eru til skoðunar auk álversins - m.a. tvö kísilver. Við byggðum upp Grundartanga og Reyðarfjörð og búið er að afla allra heimilda til að byggja upp á Bakka við Húsavík. Nú tel ég að röðin sé komin að Helguvík. Þar er gríðarlega góð aðstaða og öll skilyrði til að byggja upp fjölbreytta atvinnustarfsemi.

Ég legg áherslu á að menn vinni markvisst frá öllum hliðum til að koma þessum verkefnum í framkvæmd og þar lofa ég enn og aftur að ekkert mun stranda á mínu borði.

Nýlega var gerður fjárfestingasamingur við þýska fyrirtækið PCC um kísilver á Bakka við Húsavík. PCC hefur átt í viðræðum við Landsvirkjun um orkukaup og undirritað raforkusamning með fyrirvörum. Verkefnið er vel á veg komið og mun skipta samfélagið á NA-landi miklu hvað atvinnuuppbyggingu varðar, sem og að hafa almennt jákvæð efnahagsleg áhrif. Mikilvægt er því að frágangur raforkusamnings gangi hratt og vel, og verði upptaktur að því sem koma skal.

Fleiri verkefni væri hægt að nefna, svo sem uppbyggingu í gagnaversiðnaðinum og möguleika í koltrefjaiðnaði en ég vil með þessari upptalningu ítreka upprunalegt hlutverk Landsvirkjunar þ.e. að stuðla að auknum fjárfestingum í orkufrekri atvinnuskapandi starfssemi hér innanlands sem byggir á sjálfbærri nýtingu orkuauðlinda landsins. Með því að framfylgja því markmiði vinnur fyrirtækið jafnhliða með eigendum sínum að því að ná fram þeim markmiðum sem Samráðsvettvangur um aukna hagsæld kynnti um auknar fjárfestingar, hagvöxt, stöðugleika og verðbólgu markmið.

Þá megum við ekki gleyma þeim fyrirtækjum sem hafa fjárfest hér á landi í gegnum tíðina og staðið með okkur í gegnum sætt og súrt. Hafa treyst okkur og átt í farsælum viðskiptum til áratuga. Okkur er nauðsynlegt að hlúa að þeim fyrirtækjum sem dregið hafa vagninn og sýnt öðrum að hér sé hagsælt að starfa. Án þeirra værum við ekki komin jafn langt á veg og raun ber.

Góðir fundarmenn!

Í síðustu viku lagði ég fram á Alþingi til umræðu skýrslu ráðgjafarhóps um raforkustreng til Evrópu og mér skilst að fulltrúar Landsvirkjunar muni ræða þær hugmyndir við okkur hér síðar á fundinum.

Þetta mál er risavaxið og þarfnast ítarlegrar umræðu. Ég greindi frá því í ræðu minni á Alþingi í síðustu viku að ég hafi verið ein af þeim sem lenti í úrtaki hjá Gallup þar sem spurt var út í viðhorf mitt til sæstrengs og fleiri þátta. Forstjóri Landsvirkjunar hefur sagt að hann telji að það þurfi að vera almenn víðtæk sátt, bæði í pólitíkinni og í samfélaginu öllu, fyrir því að farið sé í verkefnið. Ég tek undir það sjónarmið og einn liður í því að leggja skýrsluna á þessum tíma fyrir Alþingi var einmitt til þess ná þar fram umræðu og kalla fram ólík sjónarmið í málinu. Jákvætt er að Landsvirkjun kanni afstöðu almennings og ég vænti þess að niðurstöður úr skoðunarkönnuninni verði kynntar hér á fundinum, enda áhugavert að vita hver afstaða almennings er til verkefnisins á þessum tíma.

Góðir fundarmenn.

Ég hef ekki farið leynt með þá skoðun mína að ég tel fulla ástæðu til þess að Alþingi endurskoði vissa þætti í þeirri Rammaáætlun um vernd of orkunýtingu landsvæða sem afgreidd var af síðustu ríkisstjórn. Færsla Hvammsvirkjunar, Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar, ásamt Hágönguvirkjun og Skrokkölduvirkjun, úr orkunýtingarflokki yfir í biðflokk, á síðustu stundu, var á skjön við faglegar niðurstöður Verkefnisstjórnar annars áfanga Rammaáætlunar sem skilað var í júní 2011. Einnig mætti nefna aðra virkjunarkosti sem raðað var í biðflokk á umdeilanlegum forsendum, eins og Hagavatnsvirkjun og Hólmsársvirkjun.

Ný Verkefnisstjórn Rammaáætlunar hefur hafið störf og ber henni að skila áfangaskýrslu í mars 2014 sem kynnt verður á Alþingi. Í þeirri áfangaskýrslu mun sérstaklega verða farið nánar í gegnum framangreinda virkjunarkosti og metið hvort breyta skuli röðun þeirra, á grundvelli þeirra vísindalegu gagna sem liggja fyrir og þeirrar faglegu vinnu sem hefur frá upphafi verið undirstaða Rammaáætlunar. Þetta er afar mikilvægt ferli sem ég bind vonir mínar við að leiði fljótlega til þess að við sjáum breytingar á fyrri afgreiðslu Alþingis á Rammaáætlun.

Í þessu sambandi vil ég einnig að minnast á Norðlingaölduveitu. Virkjunarkostinum, eins og hann var útfærður á þeim tíma, var raðað í verndarflokk í tíð síðustu ríkisstjórnar þrátt fyrir að skýrsla verkefnisstjórnar annars áfanga Rammaáætlunar hafi raðað þeim virkjunarkost nær nýtingu (30 sæti) heldur en vernd (40 sæti). Eins og kunnugt er hefur Landsvirkjun verið að skoða nýjar útfærslur á Norðlingaölduveitu sem ekki munu setja friðland Þjórsárvera í hættu. Í júní sl. stóð til að umhverfissráðherra undirritaði skilmála um aukna friðlýsingu Þjórsárvera en þeirri undirritun var frestaði þar sem að fram höfðu komið alvarlegar athugasemdir frá tveimur sveitarfélögum og Landsvirkjun. Friðlýsing, á þeim nótum sem þá stóð til að undirrita, hefði þýtt að fyrirætlanir um Norðlingaölduveitu væru úr sögunni.

Í gær upplýsti Landsvirkjun að fyrirtækið hefur, með bréfi til umhverfissráðherra, óskað eftir því að gert verði ráð fyrir nýjum útfærslum Norðlingaölduveitu innan friðlands Þjórsárvera, eða að mörk friðlandsins verði dregin í kringum hugsanlegt lónstæði. Í bréfi Landsvirkjunar eru settar fram 3 tillögur sem allar gera ráð fyrir að Þjórsárverin njóti verndar og að Eyvafen sé innan marka friðlandsins.

Ég tel ekki rétt að ganga svo langt að slá Norðlingaölduveitu af fyrir fullt og allt. Ég tel að unnt sé að ganga frá friðlýsingu Þjórsárvera án þess að útiloka nýja útfærslu Norðlingaölduveitu og að unnt sé að fara í framkvæmdir án þess að Þjórsárver skaðist. Við þurfum að hafa í huga hversu hagkvæm og umhverfisvæn Norðlingaölduveita er sem virkjanakostur. Þar er verið að veita sama vatninu í gegnum aðrar virkjanir í Þjórsá. Ég er sannfærð um að hægt sé að sætta ólík sjónarmið og ég er ekki að tala um að taka núverandi hugmyndir um Norðlingaölduveitu og færa hana umsvifalaust úr vernd í nýtingu. Ný útfærsla að virkjunarkostinum myndi fara í gegnum eðlilegt ferli í kerfinu; þ.e. umhverfismat, rammaáætlun og svo framvegis.

Í þessu sambandi (eins og í svo mörgu öðru) er mikilvægast að gæta meðalhófs og ekki gefa sér fyrirfram að nýting og vernd geti ekki farið saman.

Ágætu fundarmenn.

Það eru mörg verkefni sem blasa við á sviði orkumála á Íslandi í dag og verða til umræðu í vetur. Til viðbótar við það sem ég hef þegar komið inn á get ég nefnt mikilvægi þess að byggja upp flutnings- og dreifikerfi raforku. Í nýlegri skýrslu, sem unnin var fyrir Landsnet, kemur fram að ef ekki verði farið í frekari uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi muni það á næstu árum leiða af sér ýmsa erfiðleika hjá raforkunotendum og kosta þjóðfélagið milli 3 og 10 milljarða króna á ári, eða á bilinu 36 – 144 milljarða króna næsta aldarfjórðunginn. Við það ástand er ekki unnt að búa og hef ég þegar tekið þetta mál til umræðu í þinginu. Í þessu samhengi get ég nefnt að á næstunni mun ég leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, sem ætlað er að treysta grundvöll og undirbúning kerfisáætlunar Landsnets um uppbyggingu flutningskerfis raforku.

Annað mál sem brýnt er að taka á er vaxandi mismunur á dreifikostnaði raforku í þéttbýli og dreifbýli. Háir taxtar á dreifikostnaði í dreifbýli stuðla í auknu mæli að fólksfækkun, samdrætti í atvinnurekstri og tilheyrandi neikvæðum byggðalegum áhrifum. Á sama tíma hefur notendum fjölgað í þéttbýli og þar með hagkvæmni þess kerfis. Á ríkisstjórnarfundum í gær var tillaga mín samþykkt um markvissar aðgerðir til að tryggja jöfnun á dreifikostnaði raforku í dreifbýli og þéttbýli, og mun frumvarp þess efnis líta dagsins ljós fyrir áramót.

Góðir fundarmenn!

Við eigum áhugaverðan fund fyrir höndum – hver er framtíð íslenskrar orku? Ég þakka fyrir að fá tækifæri til að ávarpa ykkur hér í dag og hlakka til að taka þátt í fundinum með ykkur í dag.